

Dags eftirlits	4.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Laxey hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660521-1270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birgitta Valdimarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi umhverfisupplýsingum vegna ársins 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Fullnægjandi ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Hreinsun frárennslisvatns er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að myndir af útrás stöðvarinnar skulu sýna nærumhverfi hennar. Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Laxeyjar, Viðlagafjöru, Vestmannaeyjum.

Laxey, Viðlagafjöru er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 20. júní 2040. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum með allt að 7.000 tonna lífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Ekkert frávík kom fram í síðasta eftirliti og engin ábending var sett fram.

Þann 7. mars 2025 óskaði rekstraraðili eftir tímabundinni heimild til að losa óhreinsað eldisvatn í viðtaka í Viðlagafjöru. Umhverfis- og orkustofnun tilkynnti í bréfi dags. 12. júní 2025 að stofnunin áformaði að hafna beiðni félagsins. Rekstraraðili svaraði þeim áformum í bréfi dags. 20. ágúst 2025. Þann 29. september 2025 tilkynnti Umhverfis- og orkustofnun rekstraraðila ákvörðun sína um að beiðninni væri hafnað. Sú ákvörðun var kæránleg innan eins mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var skilað þann 30. apríl 2025 og eru engar athugasemdir gerðar við þau skil. Hins vegar var fullnægjandi útstreymisbókhaldi ekki skilað á tilskildum tíma. Samkvæmt reglugerð 990/2008 um umhverfisupplýsingar samanstanda umhverfisupplýsingar annars vegar af því sem áður var nefnt grænt bókhald og hins vegar því sem gekk undir heitinu útstreymisbókhald og því er skráð frávík vegna ófullnægjandi skila á umhverfisupplýsingum. Fullnægjandi útstreymisbókhald fyrir árið 2024 barst þann 11. september 2025 og er frávíkinu því lokað.

Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað 11. september 2025 og er frávíkinu því lokað. Rekstraraðila er bent á að myndir sem taka á af útrás stöðvarinnar skulu vera af útrásinni en ekki loftmyndir af stöðinni. Útreikningar á losun út frá föðri staðfesta að fosfórlosunin hafi árið 2024 verið innan heimilaðra marka, sem eru 10,0 kg P á hvert tonn af lífmassaaukningu.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og barst eftirlitsaðila skirteini, því til staðfestingar, að eftirlitinu loknu.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Nokkrar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

Í gildi er nýtingarleyfi sem var gefið út af Orkustofnun og gildir til 30. apríl 2054.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Miklar framkvæmdir voru enn í gangi á lóðinni þegar eftirlitið fór fram. Tromlusiur eru til staðar en úrgangur sem síður er frá frárennslisvatni er losaður aftur út í frárennslíð. Hreinsun frárennslisvatns er því ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi og er skráð frávik þar um. Engin efni eru geymd í stöðinni fyrir utan eldsneyti á vinnuvélar. Engar frekari athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum árlega til eftirlitsaðila. Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024 bárust ekki á tilskildum tíma.

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst ekki á tilskildum tíma.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslíð áður en því er veitt í viðtaka. Frárennslinu er veitt óhreinsuðu í viðtaka.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að myndir af útrás stöðvarinnar skulu sýna nærumhverfi útrásarinnar en ekki vera loftmyndir af stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2025



Freyr Ávarsson